

litla tíma, sem hann ætti eftir að dvelja hér í heimi. Vesturheimsmenn höfðu rétt. *Kyrkjan má ekki láta tímann skilja sig eftir.* Verkanir heilags anda eru víðar en undir kyrkjuhvelfungunni. Þær lifa og starfa í djúpi lýðsins, í meðvitund lýðsins, sem alt af vex og hreinkast, í gróandi samviskufrelsi. — Vei þeirri kyrkju, sem lokar gluggum sínum og sér ekki þetta starf heilags anda í tímanum. Og vei þeirri kyrkju, sem ekki tekur í faðm sér þessa nýju mynd, og faðmar hana með innileik endurfundanna. Sú kyrkja, sem vanrækir þetta, er dauð kyrkja.

Þeir höfðu rétt þarna vestra. Það er eitthvað nýtt á ferðinni. Það er að myndast nýr heimur, og kyrkjan verður að læra að skilja hann, til þess að geta á ný fengið vald yfir honum. Þetta er trúin—trúin sjálf, sem logar upp úr djúpi lýðsins og krefur síns réttar. Þetta sem nefnt er lýðveldi, það er ein af greinum kristindómsins.

Og átræði öldungurinn sá það, að ætti kyrkjunnar að verða lífs auðið, yrði hún að endurskapast, breyta sínu fyrra formi. *Hún verður að skírast af anda og eldi nýja tímans.* Hún verður að komast í hendur lýðsins eins og ríkið. Kyrkjan á að vera sál lýðveldisins og blása sínum anda í það.—Tími einvaldshöfðingjanna er liðinn. Tími lýðsins er runninn upp. Vesturheimsmennirnir höfðu rétta skoðun. Það er lýðurinn, sem kyrkjan þarf að hylla. Einvaldsdrottunin á ekki við tímann. Lýðurinn verður að læra að skilja og elska kyrkjuna, gjöra hana að sinni kyrkju. Það er það sem Vesturheimsmennirnir vildu, og það er á þann hátt, að kyrkjan á að yngjast upp og verða byggð upp á ný.

Og nú var stefna páfans ráðin. Hún var hrein, einföld og öllum skiljanleg. Gömlu ráðgjafarnir smá týndust úr Vatíkani einn af öðrum. Síðast var eigi eftir nema hans gamli dyggi þjónn og ástvinur, Rampollo kardináli.

Og átræði öldungurinn var eins og ungur í annað sinn. Æskunnar eldur og áhugi greip hann. Hann veit eigi hvað þreyta er. Allir afturhaldskraftar kyrkjunnar eru í mótstöðuflokki hans. En hann yfirvinnur allar hindranir með hinum sterka einvalda vilja.